

48

25. apríl

10. gr.

Stjórnin heldur nauðsynlegar bækur yfir rekstur sjóðsins. Andvirði þeirra, sem og annar stjórnarkostnaður greiðist af fje hans.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Króksfjarðarnesi, 21. mars 1927.

Ó. Eggertsson.

49

6. maí

REGLUGJÖRÐ

fyrir

Vestur-Húnavatnssýslu um lækning hunda af bandormum.

1. gr.

Sýslunefndin sjer um framkvæmd á hundahreinsun í sýslunni. Skál hún í samráði við hjeraðslæknir ráða einn mann til starfars 5 ár í senn. Maður sá skal hafa notið tilsagnar læknis áður en hann tekst starfan á hendur, og hlýða hans leiðbeiningum.

2. gr.

Allir hundar skulu hreinsaðir og baðaðir á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. desember ár hvert. Skylt er öllum hundaeigendum, að flytja hunda sína, á lækningastað þann, er lækningamaður ákveður og hjálpa til með hreinsunina.

3. gr.

Hundahreinsunarhús eitt eða fleiri eftir ákvæðum hreppsnefndar, skal reisa í hverjum hreppi sýslunnar og skulu þau helst vera steinsteypt. Greiðist kostnaður sá úr sveitarsjóði.

4. gr.

Hjeraðslæknir annast útvegum meðalanna og borgast þau úr sýslusjóði, eins skal úr sýslusjóði borga lækningamanni kr. 0,50 fyrir hvern hund, er hreinsaður hefir verið. Baðlyfin útvegar hreppsnefnd gegn greiðslu úr sýslusjóði.

5. gr.

Sláturhússtjórar og aðrir þeir, er við slátrun eru riðnir, skulu gæta allrar varúðar í meðferð á sullum og öðrum innanmeinum, og að öðru leyti hegða sjer eftir reglum er hjeraðslæknir kann að fyrirskipa.

49

6. maí

6. gr.

Lækningamaður skal hafa löggilta bók af sýslumanni, er borgist af sýslusjóði. — Í hana skal rita skrá yfir hundaeigendur í hverjum hreppi og einnig tölu allra hunda hjá hverjum hundaeiganda, og ennfremur tölu þeirra hunda, er til lækninga eru teknir.

Fyrir lok hvers árs, skal lækningamaður senda hjeraðslækni skýrslu samkvæmt bókinni.

7. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, alt að 200 kr. og renni hálf sektin í sýslusjóð, en hinn helmingurinn til uppljóstrar-manns.

8. gr.

Mál, er rísa út af brotum á reglugjörð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. ágúst 1927.

10. gr.

Með reglugjörð þessari er reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um lækning hunda af bandormum frá 1902 úr gildi feld, að því er snertir Vestur-Húnavatnssýslu.

Samþykkt af sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu á fundi 7.—13. febrúar 1927.

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 6. maí 1927.

B. Brynjólfsson.